



Alþingi  
menntamálanefnd  
Sigríður A. Þórðardóttir, formaður  
150 Alþingi  
símbref: 25680

REYKJAVÍK 12.03.92

Alþingi  
Erindi nr. *Þ 115/658*  
komudagur *13/3 1992*

Miðstjórn Alþýðusambands Íslands fjallaði um frv. til laga um Lánasjóð íslenskra námsmanna, mál nr. 214 á fundi sínum 11. mars sl. Eftirfarandi umsögn var samþykkt um málið:

"Verulegar breytingar eru fyrirhugaðar á Lánasjóði íslenskra námsmanna. Ástæður þeirra liggja í gífurlegum uppsöfnuðum vanda sjóðsins vegna þeirra lánareglna sem gilt hafa frá stofnun hans.

Miðstjórn ASÍ telur óhjákvæmilegt að gera breytingar á sjóðnum sem leiði til betri reksturs sjóðsins í framtíðinni. Þá er eðlilegt að lánareglur leiði til ráðdeildar.

Sú regla gildir í öllum viðskiptum almennra launamanna við lánastofnanir að þeir þurfa að greiða vexti af lánum. Það er eðlilegt að hóflegir vextir séu reiknaðir á námslán.

Miðstjórn ASÍ leggur hins vegar þunga áherslu á að námslánakerfið á að vera tæki til að skapa jafnrétti til náms. Um þetta markmið ber að standa vörð. Miðstjórn telur að frumvarpið leggi til mjög miklar og harkalegar breytingar í einu skrefi og óttast að aðgerðirnar stangist á við markmiðið um jafnrétti til náms. Miðstjórn telur rétt að tekið sé tillit til tekna þannig að hlutfall endurgreiðslna hækki því aðeins að tekjur fari fram úr tilteknu marki. Þá er rétt að benda á að útsvarsstofn hefur verið aflagður í skattareglum og nauðsynlegt er að miða við einhverja einhlíta tekjustærð í sambandi við endurgreiðslur.

Miðstjórn leggur þunga áherslu á að verknámi og bóknámi sé gert jafnhátt undir höfði. Miðstjórn leggst gegn breytingum í þá veru að lánshæfni til sérnáms miðist við 20 ára aldur. Varðandi rökstuðning um þetta atriði vísast til umsagnar Iönnemasambands Íslands.

Miðstjórn telur óskynsamlegt að fella niður lífeyrissjóðsgreiðslur lánþega. Aðild námsmanna að því velferðarkerfi sem lífeyrissjóðirnir fela í sér rökstudd með tilvísun til þess að ef námsmenn yrðu t.d. fyrir varanlegri örorku á meðan á námi stendur hefðu þeir ekkert öryggisnet. Krafa húsnæðiskerfisins til aðildar að lífeyrissjóði kom miklu seinna fram. Eðlilegra er að gera slíkar breytingar þegar löggjöf um tryggingar verður samræmd. Miðstjórn mótmælir þeirri röngu fullyrðingu sem fram kemur í greinargerð með frumvarpinu að lífeyrisréttindi í almennum lífeyrissjóðum séu hliðstæð þeim sem hægt er að kaupa á almennum markaði.

Miðstjórn telur eðlilegt að Iönnemasamband Íslands fái fulltrúa í stjórn Lánasjóðsins. Á þann hátt væri mikilvægi iönnáms undirstrikað."

F.h. miðstjórnar ASÍ  
*Práinn Hallgrímsson*  
Práinn Hallgrímsson